

# Vægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja



## Helstu niðurstöður

- 19.500 launagreiðendur voru í atvinnulífinu árið 2016, þar með talið 10.000 einkahlutafélög sem greiða eingöngu eiganda sínum laun
- Fyrirtæki með færri en 250 starfsmenn flokkast sem lítil og meðalstór fyrirtæki.
- 99,6% fyrirtækja á Íslandi eru lítil og meðalstór fyrirtæki
- Lítil og meðalstór fyrirtæki höfðu 71% starfsmanna í atvinnulífinu í vinnu árið 2016
- Lítil og meðalstór fyrirtæki greiddu 66% heildarlauna í atvinnulífinu árið 2016
- Litlum og meðalstórum fyrirtækjum fjölgaði um 3.250 (20%) milli árunna 2010 og 2016
- Starfsmönnum lítilla og meðalstórra fyrirtækja fjölgaði um 20.700 (24%) milli 2010 og 2016
- Heildarlaunagreiðslur í atvinnulífinu námu rúmlega 760 milljörðum króna árið 2016 og jukust um 73% frá árinu 2010.
- Heildarlaunagreiðslur lítilla og meðalstórra í atvinnulífinu námu rúmlega 530 milljörðum króna árið 2016 og jukust um 78% frá árinu 2010.
- Heildarlaunagreiðslur jukust um 59% hjá örfyrirtækjum (með færri en 10 starfsmenn), 79% hjá litlum fyrirtækjum (með 10-49 starfsmenn), 92% hjá meðalstórum fyrirtækjum (með 50-249 starfsmenn) og 63% hjá stórfyrirtækjum.
- Meðaltekjur starfsmanna fara hækkandi með stærð fyrirtækja. Meðaltekjur í litlum fyrirtækjum voru 440 þús. kr. á mánuði árið 2016, 506 þús. kr. í meðalstórum fyrirtækjum og 517 þús. kr. í stórum fyrirtækjum.
- Ísland sker sig ekki úr hvað varðar hlutfallslegan fjölda lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í ESB er hlutfall þeirra 99,8% samanborið við 99,6% á Íslandi.
- Í ESB starfa að meðaltali 67% launamanna hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum en 71% á Íslandi. Hlutfallið er lægst í stóru ríkjunum; Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi eða 54-63% en hæst í minni ríkjunum; Grikklandi, Kípur og Möltu eða 79-87%.

## Inngangur

Hagtölur um fyrirtæki eftir stærð eru almennt ekki birtar hér á landi öfugt við nágrannaríkin og eru m.a. birtar á vef ESB árlega. Upplýsingar ESB fjalla um fjölda fyrirtækja, starfsmannafjölda og virðisauka eftir stærð fyrirtækja í mismunandi atvinnugreinum. Upplýsingarnar gefa færi á að leggja mat á mikilvægi smárra, meðalstórra og stórra fyrirtækja í sköpun atvinnu og verðmæta. Jafnframt er unnt að leggja mat á þróunina, t.d. hvaða stærðarflokkar fyrirtækja eru í örustum vexti og leggja mest til fjölgunar starfa og aukinnar verðmætasköpunar.

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að sambærilegar upplýsingar séu útbúnar um íslenskt atvinnulíf. Af því tilefni var þess farið á leit við Hagstofu Íslands að útbúa fyrirtækjatölfræði um íslenskt atvinnulíf á grundvelli staðgreiðsluskrár RSK, sem Hagstofan hefur aðgang að til upplýsingavinnslu, sem skapar möguleika á því að útbúa slíka fyrirtækjatölfræði um íslenskt atvinnulíf. Gögnin eru þeim annmörkum háð að þau innihalda ekki upplýsingar um stóran hluta einyrkja sem eru með rekstur á eigin kennitölu.

Gögn Hagstofunnar fela í sér flokkun íslenskra fyrirtækja eftir stærð þar sem í hverjum stærðarflokki kemur fram fjöldi fyrirtækja, fjöldi starfsmanna og heildarlaunagreiðslur á árunum 2010-2016.

Upplýsingarnar taka til allra launagreiðenda að undanskildum stofnunum ríkis og sveitarfélaga, lífeyrissjóðum eða félagasamtökum. Niðurstöðurnar ættu því að samsvara almennum skilningi á hugtakinu atvinnulíf (e. business sector).

Fyrirtæki eru yfirleitt flokkuð í fjóra flokka eftir stærð; örfyrirtæki, lítil fyrirtæki, meðalstór fyrirtæki og stór fyrirtæki. Flokkunin fer eftir starfsmannafjölda og eru örfyrirtæki með færri en 10 starfsmenn, lítil fyrirtæki með 10-49 starfsmenn, meðalstór fyrirtæki með 50-249 starfsmenn og stór fyrirtæki með 250 starfsmenn eða fleiri. Öll fyrirtæki með færri en 250 starfsmenn flokkast þannig sem lítil og meðalstór fyrirtæki.

### Fjöldi launagreiðenda í atvinnulífinu árið 2016 eftir stærð

Árið 2016 var 19.531 launagreiðandi í atvinnulífinu, samanber meðfylgjandi töflu. Örfyrirtæki voru langflest, 17.410, (89,6%), lítil fyrirtæki voru 1.789, (8,5%), 332 voru meðalstór, (1,6%) og 72 voru stór (0,4%). 99,6% launagreiðenda í atvinnulífinu flokkast þannig sem lítil og meðalstór fyrirtæki.

Hjá örfyrirtækjunum starfaði 26% starfsmanna í atvinnulífinu, 24% hjá litlum fyrirtækjum, 21% hjá meðalstórum fyrirtækjum og 29% hjá stórum fyrirtækjum.

Örfyrirtæki greiddu 19% heildarlaunagreiðslna, litlu fyrirtækin 23%, meðalstóru 24% og stóru fyrirtæki 34%. Hlutdeild örfyrirtækja og lítilla fyrirtækja er þannig lægra í launagreiðslum en í starfsmannafjölda.

<b>Fjöldi og hlutfallsleg skipting launagreiðenda, launþega og launagreiðslna eftir stærð fyrirtækja árið 2016</b>						
Fjöldi launþega	Launagreiðendur		Launþegar		Heildarlaun, m.kr.	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Laun	Hlutf.
1-9	17.410	89,6%	37.362	26,1%	143.456	19,3%
10-49	1.789	8,5%	35.791	23,7%	189.057	23,1%
50-249	332	1,6%	33.245	21,4%	201.778	23,7%
250-	72	0,4%	36.573	28,8%	226.914	33,9%
Samtals	19.603	100%	142.971	100%	761.205	100%
Þ.a. 1-249	19.531	99,6%	106.398	71,2%	534.290	66,1%

### Breytingar milli árána 2010 og 2016

Fyrirtækjum fjölgaði um 3.257 (20%) milli árána 2010 og 2016. Örfyrirtækjum fjölgaði um 2.812 (19%) og litlum fyrirtækjum um 357 (25%). Meðalstórum fyrirtækjum fjölgaði um 81 (32%) og stórum fyrirtækjum um 7 (11%). Litlum og meðalstórum fyrirtækjum fjölgaði um 3.250 (20%).

Starfsmönnum í atvinnulífinu fjölgaði um 27.000 (23%) milli árána 2010 og 2016. Í örfyrirtækjunum fjölgaði þeim um 4.300 (13%) og í litlum fyrirtækjum um 7.900 (28%). Í hópi meðalstórra fyrirtækja fjölgaði starfsmönnum um 8.500 (34%) og starfsmönnum stórfyrirtækja fjölgaði um 6.300 (21%). Starfsmönnum lítilla og meðalstórra fyrirtækja fjölgaði um 20.700 (21%).

Heildarlaunagreiðslur í atvinnulífinu námu 761 milljörðum króna árið 2016 og jukust um 73% frá árinu 2010. Í örfyrirtækjunum jukust þær um 59%, um 79% hjá litlum fyrirtækjum, um 92% hjá meðalstórum fyrirtækjum og um 63% hjá stórfyrirtækjunum. Launagreiðslurnar jukust um 78% hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Fjöldi og fjölgun launagreiðenda, launþega og launagreiðslur eftir stærð fyrirtækja árin 2010 og 2012												
Fjöldi launþega	Launagreiðendur				Launþegar				Heildarlaun, ma.kr.			
	2012	2013	Fjölgun	%	2012	2013	Fjölgun	%	2012	2013	Fjölgun	%
1-9	15.006	15.493	487	3,2%	31.180	32.325	1.145	3,7%	103.874	112.822	8.948	8,6%
10-49	1.457	1.465	8	0,5%	28.421	29.247	826	2,9%	123.742	134.748	11.005	8,9%
50-249	260	270	10	3,8%	25.145	26.508	1.363	5,4%	126.711	138.132	11.420	9,0%
250-	70	71	1	1,4%	34.884	35.544	660	1,9%	185.995	197.835	11.840	6,4%
Samtals	16.793	17.299	506	3,0%	119.630	123.624	3.994	3,3%	540.322	583.537	43.214	8,0%
Þ.a. 1-249	16.723	17.228	505	3,0%	84.746	88.080	3.334	3,9%	354.327	385.702	31.374	8,9%

### Meðalárslaun á starfsmann

Hjá örfyrirtækjunum voru meðalárslaun á starfsmann 3,8 m.kr. árið 2016 (320.000 kr. á mánuði). Í litlu fyrirtækjunum voru meðalárslaunin 5,3 m.kr. (440.000 kr. á mánuði) og 6,1 m.kr. (506.000 kr. á mánuði) í meðalstóru fyrirtækjunum. Í stóru fyrirtækjunum voru meðalárslaunin 6,2 m.kr. (517.000 kr. á mánuði). Mikilvægt er að hafa í huga að meðallaun á starfsmann eru reiknuð óháð starfshlutfalli, þannig að hér er ekki um að ræða meðallaun á stöðugildi eða fullt starf. Starfsmenn eru taldir óháð starfshlutfalli því ekki liggja fyrir upplýsingar um starfshlutfall í þeirri skrá sem byggt er á, þ.e. staðgreiðsluskránni.

Meðalárslaun, m.kr., 2010 og 2016				Meðal mán.laun, þús.kr., 2010 og 2016			
Fj. launþ.	2010	2016	%	Fj. launþ.	2010	2016	%
1-9	2,7	3,8	41,0%	1-9	227	320	41,0%
10-49	3,8	5,3	39,3%	10-49	316	440	39,3%
50-249	4,2	6,1	42,9%	50-249	354	506	42,9%
250-	4,6	6,2	34,9%	250-	383	517	34,9%
Samtals	3,8	5,3	40,3%	Samtals	316	444	40,3%
Þ.a. 1-249	3,5	5,0	43,0%	Þ.a. 1-249	293	418	43,0%

## Viðauki. Ítarlegri sundurliðun eftir stærð fyrirtækja

Fjöldi og hlutfallsleg skipting launagreiðenda, launþega og launagreiðslna eftir stærð 2016									
Fjöldi launþega	Launagreiðendur			Launþegar			Heildarlaun, ma.kr.		
	Fjöldi	Hlutf.	Upps.%	Fjöldi	Hlutf.	Upps.%	Fjöldi	Hlutf.	Upps.%
1	9.766	49,8%	49,8%	10.051	7,0%	7,0%	27.694	3,6%	3,6%
2	3.242	16,5%	66,4%	6.313	4,4%	11,4%	21.153	2,8%	2,8%
3-5	3.004	15,3%	81,7%	10.975	7,7%	19,1%	45.440	6,0%	6,0%
6-9	1.398	7,1%	88,8%	10.023	7,0%	26,1%	49.170	6,5%	6,5%
10-14	692	3,5%	92,3%	8.049	5,6%	31,8%	41.096	5,4%	5,4%
15-19	386	2,0%	94,3%	6.501	4,5%	36,3%	32.484	4,3%	4,3%
20-20	402	2,1%	96,4%	9.603	6,7%	43,0%	52.875	6,9%	6,9%
30-39	200	1,0%	97,4%	6.827	4,8%	47,8%	37.528	4,9%	4,9%
40-49	109	0,6%	97,9%	4.810	3,4%	51,2%	25.074	3,3%	3,3%
50-99	211	1,1%	99,0%	14.214	9,9%	61,1%	79.388	10,4%	10,4%
100-249	121	0,6%	99,6%	19.031	13,3%	74,4%	122.390	16,1%	16,1%
250-	72	0,4%	100,0%	36.573	25,6%	100,0%	226.914	29,8%	29,8%
Samtals	19.603	100,0%	100,0%	142.971	100,0%	100,0%	761.205	100,0%	100,0%
p.a. 1-249	19.531	99,6%		106.398	74,4%		534.290	70,2%	

Fjöldi og fjölgun launagreiðenda, launþega og launagreiðslna eftir stærð fyrirtækja árin 2010 og 2016												
Fjöldi launþega	Launagreiðendur				Launþegar				Heildarlaun, ma.kr.			
	2010	2016	Fjölgun	%	2010	2016	Fjölgun	%	2010	2016	Fjölgun	%
1	7.594	9.766	2.172	29%	7.839	10.051	2.212	28%	15.658	27.694	12.036	77%
2	2.851	3.242	391	14%	5.560	6.313	753	14%	12.949	21.153	8.203	63%
3-5	2.870	3.004	134	5%	10.531	10.975	444	4%	30.621	45.440	14.819	48%
6-9	1.283	1.398	115	9%	9.145	10.023	878	10%	30.807	49.170	18.363	60%
10-14	605	692	87	14%	7.032	8.049	1.017	14%	25.260	41.096	15.836	63%
15-19	297	386	89	30%	4.993	6.501	1.508	30%	18.023	32.484	14.461	80%
20-20	287	402	115	40%	6.772	9.603	2.831	42%	25.996	52.875	26.879	103%
30-39	162	200	38	23%	5.507	6.827	1.320	24%	22.502	37.528	15.026	67%
40-49	81	109	28	35%	3.570	4.810	1.240	35%	13.947	25.074	11.127	80%
50-99	158	211	53	34%	10.569	14.214	3.645	34%	42.251	79.388	37.137	88%
100-249	93	121	28	30%	14.168	19.031	4.863	34%	62.830	122.390	59.560	95%
250-	65	72	7	11%	30.290	36.573	6.283	21%	139.287	226.914	87.627	63%
Samtals	16.346	19.603	3.257	20%	115.977	142.971	2.215	23%	440.131	761.205	321.073	73%
p.a. 1-249	16.281	19.531	3.250	20%	85.686	106.398	2.215	24%	300.844	534.290	233.446	78%

Meðal mán.laun (þús.) 2010 og 2016			
Fj. launþ.	2010	2016	%
1	166	230	37,9%
2	194	279	43,9%
3-5	242	345	42,4%
6-9	281	409	45,6%
10-14	299	425	42,1%
15-19	301	416	38,4%
20-20	320	459	43,4%
30-39	340	458	34,5%
40-49	326	434	33,4%
50-99	333	465	39,7%
100-249	370	536	45,0%
250-	383	517	34,9%
Samtals	316	444	40,3%
p.a. 1-249	293	418	43,0%

**Heimildir:** European Commission: Annual Report on European SMEs 2016/2017, nóvember 2017, og Hagstofa Íslands. Sérvinnsla úr staðgreiðsluskrá, unnin fyrir SA í desember 2017.